



Skólaráðsfundur 23.mars 2017

Mættir voru:

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Anna Birna Gunnlaugsdóttir, fulltrúi kennara, Hallveig Fróðadóttir fulltrúi kennara. Lilja Stefánsdóttir formaður foreldrafélags Njarðvíkurskóla, Geirný Geirsdóttir fulltrúi foreldra, Kristján Carlsson Gränz fulltrúi foreldra og grenndarsamfélags, Sigmundur Már Herbertsson fulltrúi starfsmanna í Njarðvíkurskóla, Jenný L. Lárusdóttir fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Garðar Ingi Róbertsson formaður nemendafélags skólans, Gunnar Már Sigmundsson fulltrúi nemanda í forföllum fyrir Veigar Páll Alexandersson og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundaritari),

1. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri fór yfir drög að skóladagatali næsta skólaárs. Skóladagatalið var síðan borið upp til samþykktar og var það einróma samþykkt.
2. Ásgerður fór yfir endurskoðun á stefnu skólans á heimanámi sem unnið var að síðustu mánuði. Umræður í kennarahópnum og viðhorfskönnun hjá foreldrum var lögð til grundvallar. Endurskoðuð stefna er nú tilbúin og tekur hún gildi frá og með næsta skólaári.
3. Ásgerður fór yfir hvernig lýðræðisfundir með Skólamat gengu. Þeir tókust mjög vel og voru vel undirbúnir af nemendum og kennurum. Ásgerður hrósaði nemendum fyrir hve vel þeir komu fyrir og komu sínum málum á framfæri.
4. Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri, fór yfir hvernig fyrirlögn á samræmdu könnunarprófunum gekk. Yfir höfðu gekk það mjög vel þrátt fyrir nokkra hnökra er tengjast tölvukerfinu. Þyrfti þó að skoða á næsta ári stærð stóla fyrir nemendur svo vinnuaðstaða þeirra í próftöku verði góð.
5. Ásgerður sagði frá væntanlegri árshátíð skólans og breytingum á veitingum sem foreldrar koma með. Lilja og Geirný, fulltrúar foreldra, komu með ábendingu um að bæta við ávöxtum/grænmeti og var það gert.
6. Ásgerður sagði frá ferð starfsmanna til Birmingham sem var einstaklega vel heppnuð og skipulögð.
7. Ásgerður sagði frá endurskoðun á skólareglum sem er í vinnslu núna. Erum að skoða vinnulag á endurskoðun, allir í skólasamfélaginu þurfa að koma að þessari vinnu svo nemendur og skólaráð verða með í endurskoðuninni.
8. Ásgerður sagði frá vinnu við uppsetningu á rýmingaráætlun í hverju rými en foreldri í skólanum tók þessa vinnu að sér og er hún mjög vel gerð.
9. Ásgerður sagði frá því að framundan er myndataka hjá öllum oddatölubekkjum en Oddgeir Karlsson, ljósmyndari, kemur og tekur myndirnar.
10. Önnur mál:
  - a. engin önnur mál.

Fundaritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri